



Húnabyggð
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós
Iceland

Garðabær, 24.6.2025

Málsnúmer: 202506-0038

SS

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna efnistökusvæði E12, við Skeggjastaði.

Vísað er í tölvubréf frá Húnabyggð, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. júní 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi að breytingu á Aðalskipulagi Skagabyggðar 2010-2030. Breytingin snýr að stækkun efnistökusvæðis og auknum heimildum til efnistöku úr námu ES12, Skeggjastaði.

Í breytingunni er afmarkað 13 ha efnistökusvæði með samsvarandi skerðingu á landbúnaðarlandi. Þá eru heimildir til efnistöku auknar verulega, úr 30.000 rúmmetrum í 450.000 rúmmetra.

Slík stækkun felur í sér töluverða aukningu á raski og ásynðaráhrifum. Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að sú vistgerð sem verður fyrir mestu raski sé eyðimelavist sem hefur lágt verndargildi en einnig verði rask á mólendisvistgerðum sem hafa hærra verndargildi og að votlendi sé í nágrenninu sem þurfi að horfa til að verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum. Gert er ráð fyrir að frágangur að efnistöku lokinni leiði til þess að gróðurhula endurheimtist að hluta. Mikilvægt er að hugað sé að því við endurheimt gróðurs að horfa til vals á staðbundnum gróðri. Varðandi áhrif á ásynð og landslag eru þau metin veruleg og tekur Náttúrufræðistofnun undir það mat enda um mikla stækkun að ræða. Stefnt er að því að fella efnistökusvæðin að landi og lágmarka áhrif á landslag með áfangaskiptingu og landslagsmótun.

Náttúrufræðistofnun telur ágætlega gert grein fyrir áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar og tekur undir umhverfismatið. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndar